



**Kveðja frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Vinátta Norðmanna og Íslendinga á sér djúpar rætur, ofin sterkum þráðum sögu og menningar. Glæsilegar eldri útgáfur á Heimskringlu Snorra Sturlusonar, nýleg þýðing á verkum Þormóðs Torfasonar og nú síðast heildarútgáfa Íslendingasagna og þátta eru órækur vitnisburður um að bókmenntaarfurinn er sígildur, á erindi við sérhverja kynslóð.

Flateyjarbók bætist hér í þessa sveit höfuðrita; norska þýðingin sönnun þess að hin fornu rit eru enn grundvöllur traustra tengsla.

Flateyjarbók er stærsta miðaldahandrit Íslendinga og komst á ný í hendur þjóðarinnar þegar hún var fyrir rúmum fjörutíu árum ásamt Konungsbók Eddukvæða flutt til landsins á dönsku varðskipi – og tugþúsundir komu á hafnarbakkann til að fagna heimkomu fyrstu handritanna.

Sumir segja að aldrei hafi veglegri bók verið sett saman á Íslandi; rúmlega eitt hundrað kálfum slátrað til að fá skinn í bókfellið; skapandi handverk skrifaranna við textann og myndskrautið listrænt og litskrúðugt.

Flateyjarbók er fjölbreytt safn konungasagna, Íslendingaþátta, kveðskapar, annála og annarra miðaldatexta; í raun heilt bókasafn. Hún er einn af hornsteinum íslenskrar menningar og norskrar sögu; vefur í ævarandi vináttu og samfylgd þjóða okkar.